

Borgarstjórn Reykjavíkur
18. janúar 2022

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að falla frá þéttingaráformum við Miklubraut/Háaleitisbraut og Bústaðaveg

Borgarstjórn samþykkir að horfið verði frá þéttingu við gatnamót Miklubrautar og Háaleitisbrautar í ljósi mikillar andstöðu við skipulagsáformin þar, eins og skýrt kom fram í könnun Gallup sem gerð var fyrir borgaryfirvöld. Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir enn fremur að fallið verði formlega frá þeim áformum sem kynnt hafa verið í hverfaskipulagi Háleitis og Bústaða varðandi þéttingu við Bústaðaveg.

Greinargerð

Þær skipulagshugmyndir, sem hér um ræðir, hafa verið mjög umdeildar. Í könnun sem gerð var á vegum Gallup, að beiðni borgaryfirvalda, kemur fram skýr andstaða við uppbyggingaráformin á þessum reitum. Af þeim sem tóku afstöðu voru 67% andvígir uppbyggingu við Bústaðaveg og 64% andvígir þéttingu byggðar við Miklubraut/Háaleitisbraut.

Vilji íbúanna er skýr og því einboðið að fallið verði á formlegan hátt frá báðum þessum skipulagshugmyndum. Hugmyndir borgaryfirvalda í þessu tilviki sýna annars vegar hversu langan tíma það getur tekið að byggja á þéttingarreitum og hins vegar að stundum verði þeir ekki að veruleika. Þess vegna er nauðsynlegt að borgarbúum bjóðist að byggja á nýjum uppbyggingarsvæðum svo unnt verði að mæta fyrirséðri eftirspurn.